

15-feb-2024


**Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma ársins 2023**  
**Samstæða**

<b>Rekstur</b>	<b>2023</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur .....	17.143,2	15.756,7	13.023,1	11.351,5	12.068,8
Aðrar tekjur .....	163,6	87,7	134,8	78,8	98,6
Vöru- og umbúðanotkun .....	(8.483,9)	(7.905,5)	(6.315,9)	(5.334,6)	(5.651,4)
Laun og launatengd gjöld .....	(4.273,3)	(3.983,9)	(3.604,8)	(3.573,3)	(3.612,3)
Annar rekstrarkostnaður .....	(2.762,2)	(2.488,1)	(2.211,2)	(2.159,4)	(2.176,5)
Afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar .....	(572,9)	(488,7)	(481,3)	(485,8)	(474,7)
<b>Rekstrarhagnaður(tap)</b>	<b>1.214,5</b>	<b>978,2</b>	<b>544,7</b>	<b>(122,8)</b>	<b>252,5</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(232,6)	(321,1)	(260,2)	(207,9)	(195,9)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	0,3	19,0	8,1	3,5	29,2
<b>Hagnaður(tap) fyrir skatta</b>	<b>982,2</b>	<b>676,1</b>	<b>292,6</b>	<b>(327,2)</b>	<b>85,8</b>
Tekjuskattur .....	(190,5)	(126,7)	(59,1)	68,2	(7,6)
<b>Hagnaður(tap) ársins</b>	<b>791,7</b>	<b>549,4</b>	<b>233,5</b>	<b>(259,0)</b>	<b>78,2</b>
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>1.776,5</b>	<b>1.452,0</b>	<b>955,7</b>	<b>361,3</b>	<b>716,8</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>31.12.23</b>	<b>31.12.22</b>	<b>31.12.21</b>	<b>31.12.20</b>	<b>31.12.19</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir .....	7.690,2	7.693,6	6.474,6	6.685,1	6.728,6
Veltufjármunir .....	6.081,2	5.745,2	4.156,2	3.400,2	3.151,6
<b>Eignir</b>	<b>13.771,4</b>	<b>13.438,8</b>	<b>10.630,8</b>	<b>10.085,3</b>	<b>9.880,2</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>7.363,3</b>	<b>6.590,8</b>	<b>5.349,5</b>	<b>5.046,2</b>	<b>5.335,9</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	574,8	547,3	530,1	537,3	534,8
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	4.163,7	3.968,0	3.527,3	3.110,1	3.200,7
Skammtímaskuldir .....	2.244,4	2.880,0	1.754,0	1.929,0	1.343,6
<b>Skuldir</b>	<b>6.408,1</b>	<b>6.848,0</b>	<b>5.281,3</b>	<b>5.039,1</b>	<b>4.544,3</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>13.771,4</b>	<b>13.438,8</b>	<b>10.630,8</b>	<b>10.085,3</b>	<b>9.880,2</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA .....	1.787,4	1.466,9	1.026,0	363,0	727,2
Innra virði .....	12,8	12,0	10,1	9,4	10,0
Veltufjárhlutfall .....	2,7	2,0	2,4	1,8	2,3
Eignfjárhlutfall .....	53%	49%	50%	50%	54%
<b>Ársverk</b>					
Unnin ársverk .....	439	437	438	460	498



Reykjavík, 15. febrúar 2024.

Fréttatilkynning frá Slátturfélagi Suðurlands svf.

### Afkoma ársins 2023

- **Rekstrartekjur ársins 17.143 m.kr. en 15.757 m.kr. árið 2022**
- **792 m.kr. hagnaður á árinu á móti 549 m.kr. hagnaði árið áður**
- **EBITDA afkoma var 1.787 m.kr. en 1.467 m.kr. árið 2022**
- **Eigið fé 7.363 m.kr. og eiginfjárlutfall 53%**

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjaröðs hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Slátturfélags Suðurlands á árinu 2023 var 792 m.kr. Árið áður var 549 m.kr. hagnaður. Betri markaðsaðstæður, veltuaukning og hagræðingaraðgerðir sem gripið var til skýra bættu afkomu frá fyrra ári. Eigið fé er 7.363 m.kr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 53%.

Rekstrartekjur samstæðu Slátturfélags Suðurlands voru 17.143 m.kr. árið 2023, en 15.757 m.kr. árið áður og hækka því um 9%. Aðrar tekjur voru 164 m.kr. en 88 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 8.484 m.kr. en 7.906 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 4.273 m.kr. og hækkaði um 7%, annar rekstrarkostnaður var 2.762 m.kr. og hækkaði um 11%. Afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar hækkuðu um 17%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 1.215 m.kr., en 978 m.kr. rekstrarhagnaður árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 1.787 m.kr. en var 1.467 m.kr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 233 m.kr., en voru 321 m.kr. árið áður. Lækkun milli ára skýrist af góðri ávöxtun lausafjár og hagstæðri langtímafjármögnun. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna var jákvæð um 0,3 m.kr. Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 191 m.kr. en 127 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 792 m.kr. en 549 m.kr. hagnaður árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 1.777 m.kr. árið 2023 samanborið við 1.452 m.kr. árið 2022. Heildareignir Slátturfélagsins 31. desember 2023 voru 13.771 m.kr. og eiginfjárlutfall 53% en 49% árið áður. Veltufjárlutfall var 2,7 árið 2023, en 2,0 árið áður.

Fjárfest var á árinu fyrir 512 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 671 m.kr. árið áður. Á árinu var fjárfest í fasteignum fyrir 125 m.kr., og vélbúnaði og bifreiðum fyrir 387 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2023 var greiddur 19,34% arður af B-deild stofnsjóðs alls 35 m.kr. að frádregnum arði af eigin bréfum félagsins og reiknaðir 7,5% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 28 m.kr.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundum í dag. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu SS: [www.ss.is](http://www.ss.is)

Slátturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Slátturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu fyrri árhelmingis ársins 2024 þann 22. ágúst 2024.

### Aðalfundur

Aðalfundur Slátturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 15. mars n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 18,01% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af verðbótarpáttur 8,01%, alls 36,0 m.kr. eða 0,1801 kr. á hvern útgefnin hlut og reiknaðir 10,0% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 39,5 m.kr.



### **Staða og horfur**

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 53% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,7. Langtímatímaskuldir í lok árs voru 2.799 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 93 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma. Lausafjárstaða félagsins er einnig góð en handbært fé var um áramót 1.843 m.kr. og góður aðgangur að skammtímafjármögnun sé þess þörf.

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 1.387 m.kr. eða um 9% vegna betri markaðsaðstæðna og aðgerða sem gripið var til að auka tekjur. Staðan á veitingamarkaði batnaði auk þess sem samstæðan styrkti stöðu sína á smásolumarkaði og sölu rekstrarvara til bænda. Afkoma Sláturfélagsins batnar milli ára um 242 m.kr.

Framleiðsla kjöts á landsvísu dróst saman á árinu 2023 um 1,2% og sala um 2,2%. Áhyggjuefni er áætlaður samdráttur í kindakjötsframleiðslu á komandi árum en afkoma bænda í greininni hefur verið slök og brýnt að hún verði bætt. Jákvætt er að lækkanir á hrávörumarkaði eru að koma fram eftir miklar verðhækkningar á síðustu árum en áburður, kjarnfóður og ýmsar rekstrarvörur bænda hafa nú lækkað milli ára. Mikilvægt er að stuðningur verði áfram við greinina til lengri tíma en annað getur haft mjög neikvæð áhrif á innlenda matvælaframleiðslu. Áfram er gert ráð fyrir neikvæðum áhrifum af innflutningi kjötvara á afkomu afurðahluta samstæðunnar.

Matvælaíðnaður félagsins stendur vel og styrkti stöðu sína á árinu 2023. Á árinu var fjárfest í nýjum vélbúnaði til að auka enn frekar hagkvæmni matvælaframleiðslunnar. Ímynd félagsins á markaði er góð og staða lykilvörumerkja sterk sem treystir grundvöll fyrir áframhaldandi uppbyggingu félagsins sem leiðandi aðila á kjötmarkaði.

Sala á innflutningsvörum, matvælum og búrekstrarvörum jókst talsvert milli ára. Góð tækifæri eru til frekari vaxtar en félagið er í samstarfi við leiðandi framleiðendur á sínu sviði.

### **Fjárhagsdagatal**

15. mars 2024	Aðalfundur vegna ársins 2023
22. ágúst 2024	Árshlutauppgjör jan-jún 2024
18. febrúar 2025	Ársuppgjör 2024
21. mars 2025	Aðalfundur vegna ársins 2024

Frekari upplýsingar veitir:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is  
Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is